

## Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn mánudaginn 20. september 2021 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar, og var þetta 88. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

**Mætt voru:** Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson og Runólfur Pálsson orðanefndarmenn og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar.

### 1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 87. fundar, sem hafði verið send nefndarmönnum í tölvupósti, var samþykkt án athugasemda.

2. **Ársskýrsla.** Drög að ársskýrslu orðanefndar fyrir aðalfund Læknafélags Íslands 2021 voru lögð fram, en höfðu áður verið send nefndarmönnum. Samþykkt án umræðu.

3. **Hugtakasafn Lyfjastofnunar.** JHJ greindi frá því að hann hefði verið boðinn á fund með tveimur starfsmönnum Lyfjastofnunar til umræðu um fyrirhugaða íslenska þýðingu á stóru alþjóðlegu orðasafni fyrir skráningu lyfja, svonefndu MedDRA-hugtakasafni. Eftir áhugaverða kynningu á verkefninu tjáði hann starfsmönnum að Orðanefnd LÍ hefði ekki bolmagn til að taka að sér þýðinguna en væri fús til frekari viðræðna um tiltekna aðstoð.

4. **Fyrirspurnir.** JHJ greindi frá þremur fyrirspurnum sem borist hefðu og hann svarað: Erythema nodosum, þar sem helstu íslensku heitin væru þrymlaroðapöt (Skafl.is) og þrymlaroði (ÍL); transrectal biopsy og perineal biopsy, þar sem samsett íslensk heiti gætu verið „sýnistaka um endþarm“ og „sýnistaka um spöng“, en þau vantar reyndar í safnið; og loks broad spectrum og narrow spectrum antibiotics, breiðvirk og þröngvirk sýklalyf. Þessu þarf að bæta inn í Íðorðasafn lækna.

### 5. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lágu þrjár orðalistar, sem áður höfðu verið sendir nefndarmönnum til yfirferðar.

- a) **Potency, efficacy:** Heitin og hugtökin höfðu áður komið til stuttrar umræðu, en beðið var nú um að fyrirhugaðri umræðu yrði frestað til næsta fundar.
- b) **Clone, cloning og clonal.** Ítarleg umræða fór fram um þessi orð og hugtök. Ákveðið var að JHJ myndi senda nefndarmönnum nýjan og endurbættan orðalista byggðan á henni.
- c) **Verkjaheiti.** Orðalisti úr Íðorðasafni lækna þar sem íslenska heitið er ýmist í eintölu, s.s. augnverkur og hnéverkur, eða fleirtölu, s.s. beinverkir og liðverkir. Talsverð umræða fór fram og ákveðið var að vinna hann frekar og gera úr honum verkefni fyrir orðanefndina.

**Næsti fundur.** Næsti orðanefndarfundur var ráðgerður um miðjan október. JHJ mun að venju undirbúa fundinn og boða með tölvupóstskeytum.

Fundi var slitið um kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.